

Framkvæmdaráðsfundur í húsnaði Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar Höfðatúni 12 í Rvk. laugardaginn 10. september 2016 kl 10, morgunhressing frá 09:30

Morgunhressing kl. 09:30

Um kl. hálf-tíu voru allar komnar á fundarstað og stjórnin bauð uppá glæsilega morgunhressingu.

Fundur settur kl. 10

Guðbjörg M. Sveinsdóttir fyrrverandi forseti kveikti á kertunum þremur.

Kristín Jónsdóttir fyrsti varaforseti las hin 7 markmið samtakanna.

Inga María Ingvarsdóttir meðstjórnandi fór með orð til umhugsunar. Hún sagði frá hugleiðingum sínum varðandi vinnu og einkalíf og sagði frá því að sjálf hafi hún ákveðið að breyta um áherslur í lífinu. Setja vinnuna neðar á viðfangsefnalista daglegs lífs og auka vægi áhugamála og einkalífs. Hún sagði upp stöðu sinni eftir 21 ár í skólastjórarstarfi. Tók ákvörðun að breyta um stefnu og verða „bara“ leikskólakennari. Upp úr stendur, sagði Inga María að maður er manns gaman og að dagurinn í dag skipti mestu máli. Hún vildi koma þessum hugleiðingum til fundarkvænna og ítrekaði að samvera og samvinna afstýrði villum, sem fólk lenti gjarnan í ef það hafnaði samstarfi og samtali. Minnti fundinn á vísu úr Hávamálum:

Ungur var eg forðum,
fór eg einn saman:
þá varð eg villur vega.
Auðigur þóttumst
er eg annan fann:
Maður er manns gaman.

Fundargerð síðasta Framkvæmdaráðsfundar, sem haldinn var í Hafnarfirði 12. september s.l. var ekki lesin, en hana má sjá á vefsíðu samtakanna:

http://dkg.muna.is/static/files/skjol_landsamband/fundargerdir/Framkvráð_sept12_2015.pdf

Kynning

Allir formenn deilda eru mættir nema frá Mýdeild, Bryndís Björnsdóttir. Lögsögumaður Auður Torfadóttir Etadeild gat heldur ekki mætt.

Kynning stjórnar, lögsögumanns og gjaldkera:

Forseti, Eygló Björnsdóttir Betadeild

1. varaforseti, Kristín Jónsdóttir Gammadeild

2. varaforseti, Sigríður Johnsen Kappadeild

Ritari, Jónína Eiríksdóttir Deltadeild

Meðstjórnandi, Inga María Ingvarsdóttir Þetadeild

Fyrrverandi forseti, Guðbjörg M. Sveinsdóttir Þetadeild

Gjaldkeri, Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild

Lögsögumaður Auður Torfadóttir Etadeild, ekki mætt

Formenn deilda kynna sig

Alfadeild: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Betadeild: Anita Jónsdóttir

Gammadeild: Ingibjörg Einarsdóttir, formaður í annað sinn

Deltadeild: Guðlaug Margrét Sverrisdóttir
Epsilondeild: Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir
Zetadeild: Helga Magnea Steinsson, formaður í annað sinn
Etadeild: Bryndís Guðmundsdóttir, formaður í annað sinn
Þetadeild: Gerður Pétursdóttir
Iotadeild: Helga Björk Jóhannsdóttir
Kappadeild: Guðrún Edda Bentsdóttir
Lambdadeild: Gerður Magnúsdóttir
Mýdeild: Bryndís Björnsdóttir – ekki mætt

Kynningin reyndist mjög áhugaverð og fjölbreytt. Formenn lýstu sinni stöðu og deildarinnar. Þeir hafa flestir tekið við stjórnartaumnum mitt í önnum hvunnudagsins en voru fullir vilja til að standa sig vel í embættinu og lýstu áhuga fyrir því að halda samtökunum vel lifandi og vaxandi. Mörgum var ofarlega í huga að hver deild þyrfti að huga að því hvernig auka megi virkni félaga, mætingu á fundum og þátttöku í stjórn deildanna. Nú eru þrjú ofangreindra formanna að taka embættið í annað sinn og voru fundarkonur sammála um að það væri umhugsunarefni, sem kallaði á aðgerðir af einhverju tagi.

Nefndir landsambandsins kynntar stuttlega og hverjir sitja í þeim:

Uppstillingarnefnd er kosin á Landssambandsþingi og skilar niðurstöðum sínum á þinginu næsta vor þegar ný stjórn verður kjörin:

Ingibjörg Jónasdóttir formaður, Gammadeild
Marta Guðjónsdóttir, Alfadeild
Guðríður Sigurðardóttir, Iotadeild

Eftirfarandi nefndir eru tilnefndar af forseta:

Laganefnd. Athuga að ef konur hafa óskir um breytingar á lögum, þarf að senda inn ósk um slíkt til laganefndar með þriggja mána. fyrirvara:

Formaður: Steinunn Guðmundsdóttir, Iotadeild,
Halldóra Jónsdóttir Deltadeild
Bryndís Guðmundsdóttir, Þetadeild

Félaga- og útbreiðslunefnd. Stefnt er að því að stofna nýja deild á Norðurlandi-vestra. Nú er málið komið í vinnslu og Eygló bað konur um að koma með tillögur að góðum kandidötum þar á svæðinu í nýja deild. Vera Valgarðsdóttir, félagi í Epsilon er nú á því svæði og getur áreiðanlega verið félaganefnd innan handar við stofnunina.

Þá minnti Eygló formenn á að láta stjórn vita þegar félagar samtakanna falla frá. Þau hafa ávallt minnst látinna félaga og ábyrgðin hvílir á formanni deildanna. Ekki eru allar konur svo áberandi í þjóðfélaginu að frétt næmt sé, svo það er áreiðandi gagnvart öllum – að þeirra verði minnst á Landssamb.þingi og á alþjóðþinginu líka:

Formaður: Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild
Sigríður Guðnadóttir, Epsilondeild
Elín Elísabet Magnúsdóttir, Þetadeild

Menntamálanefnd. Hennar aðalverkefni er að sjá um faglegan hluta þinganna – finna fyrirlesara og slíkt með stjórninni. Byrjað er að huga að Landssamb.þingi næsta vor. Nefndin mun finna þema og fyrirlesara:

Formaður: Sigríður Herdís Pálsdóttir, Zetadeild,
Sigríður Ruth Magnúsdóttir, Zetadeild
Guðný Sigríður Ólafsdóttir, Mýdeild
Jenný Gunnbjörnsdóttir, Mýdeild

Samskipta- og útgáfunefnd. Setur saman fréttabréf x 2 á ári, sem birt er á vef samtakanna. Formenn eru beðnir um að sjá til þess að félagar, sem ekki eru tölvuvarir fái prentað eintak af fréttabréfinu. Þeir eru einnig öðru hvoru beðnir um að senda nefndinni upplýsingar um starf og fréttir deildanna og Eygló bað þá að sinna kalli ritnefndar. Það er að aukast að sagt sé frá því sem konur eru að fást við –

ekki bara starfsskýrsla. Formenn þurfa að vera hvetjandi til kvennanna sinna að skrifa um viðfangsefni sín:

Formaður: Sólborg Alda Pétursdóttir, Kappadeild
Valgerður Magnúsdóttir, Kappadeild
Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Kappadeild

Námsstyrkjanefnd. Fer yfir umsóknir og sendir tillögur til stjórnar:

Formaður: Sigrún Ásta Jónsdóttir, Betadeild
Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Etadeild
María Steingrímsdóttir, Betadeild

Hlutverk framkvæmdaráðs

Fyrst nefndi Eygló að formenn þyrftu að vera sérstaklega vel á verði með tölvupóstinn. Láta vita hvort bréf bærust þeim þó bið yrði á formlegu svari. Forseti sendir reglulega forsetabréf og þarf oft að leita til formanna með ýmis mál. Það er því mjög brýnt að þessari hlið formannsstarfsins sé vel sinnt.

Hún minnti á framkvæmdaáætlun tímabilsins væri inni á vefnum – undir Stjórn og nefndir – framkvæmdaráð – framkvæmdaáætlun.

Landssambandsþing verður 6. – 7. maí, laugardag og sunnudag á Akureyri. Árið 2017 verða liðin 40 ár frá því að á Íslandi var stofnað landssamband þegar Beta og Gammadeild voru stofnaðar til viðbótar Alfadeild, sem hafði verið stofnuð 2 árum áður, 1985.

Undirbúningsnefnd Betadeildar hefur fengið aðstöðu í Menntaskólanum. Búið að taka frá 20 2ja manna herbergi á Icelandair-hótelinu fram í mars. Svo eru auðv. féлагаíbúðir, sumarhús og hvaðeina. Formenn beðnir um að kynna þetta í deildunum og tilboðin eru á næsta leiti.

Hugmynd kom fram um að hugsanlegt væri að opna fyrri dag þingsins fyrir áhugasömum öðrum en félögum. Þannig mætti fjölga þátttakendum og afla fjár. Ekki verður opnað á fundinn á sunnudeginum en hugmyndin fékk góðar undirtektir.

Fjármál

Gjaldkeri, Jensína Valdimarsdóttir fjallaði um peningamálin og hvað deildar-gjaldkerar þurfa að hafa í huga. Hún hvatti til að formenn deildanna upplýsi vel gjaldkera sína um skyldur sínar og standi við bak þeirra.

Hún minnti á form nr. 18, sem fylla á út og senda til gjaldkera landssamtakanna. Formenn bera ábyrgð á innheimtu félagsgjaldanna. Stundum hefur þetta gengið seint og verið erfitt og gjaldkerar þurfa stuðning við innheimtuna.

Allar breytingar þarf að senda með á forminu (nr. 18). Formin eru inni á síðu samtakanna og þar er hægt að breyta upplýsingum um féлага.

Jensína minnti á fjáröflunarleið landssamtakanna, að selja spil, regnhlífur, bókamerki, formannsnælu, töskur og fleira. Minnti á að nokkrir reikningar séu ógreiddir. Samtökin greiða flugmiða og bensínkostnað fyrir félagskonur á framkvæmdaráðsfundi. Senda afrit til gvjv@simnet.is (til Jennu) og hún greiðir + gjald í Hvalfjarðargöngin.

Þá kynnti Jensína rekstraráætlun.

Sambandið er fremur vel statt fjárhagslega. Greiðandi konur eru 334 sem greiða rúmlega 6 milljónir. Auk þess er nokkur hagnaður af t.d. af happdrætti og vörusölu. Þar af eru 3,4 milljónir greiddar til alþjóðasamtakanna auk annarra útgjaldaliða. Mismunur á tekjum og gjöldum er rúmar 2 milljónir, sem telst mjög gott. Stór hluti góðrar stöðu er hækkandi gengi, sem lækkar þá upphæð, sem greidd er til Austin.

Fram kom athugasemd um að samtökin gætu varla haft á stefnuskrá sinni að safna fé, en fyrirverandi forseti minnti á að lánið væri valt í þessum málum og lítið þyrfti að gerast t.d. í gengismálum til að hagurinn versnaði. Hefð væri fyrir því að hagur samtakanna væri í járnum.

Þá kom fram að Etadeild er farin að láta birta kröfur um félagsgjald í heimabanka félaganna. Einnig var rætt að sumum félagskvemma þætti erfitt að greiða árgjaldið í einu lagi á haustin. Einhverjir hafa

rukkað að vori – eða dreift gjaldinu. Haustið er kannski ekki ákjósanlegasti tíminn fyrir árgjaldið. Nokkrar umræður spunnust um árgjaldið og hvernig hægt væri að koma til móts við félag, sem jafnvel telja sig þurfa að hætta í samtökunum vegna gjaldsins. Formannsnælan: Sumar deildir færa sínum formanni formannsnælu. Minnt var á að félagar eiga að skila nælum þegar þeir hætta.

Að vera formaður í deild

Ingibjörg Einarsdóttir sá gamalreyndi félagi fór yfir það með nýjum formönnum í hverju starfið fælist. Hún afhenti þeim tékkblað með helstu atriðum, sem hún fór yfir, til þess að létta yfirsýnina yfir starfið, sem þeir væru nú að taka að sér:

Áríðandi að hafa áætlun, sem stenst. Ekki fella niður fundi.

Að láta vita um mætingu. Hægt að nota Doodle – þá er auðveldara að telja hver hefur boðað sig. Þetta er alltaf dálítill eltingaleikur, nota bæði tölvupóst og síma.

Formlegheitin skipta máli. Hefja með kertatendrun og ljúka með því að slökkva. Byrja á réttum tíma. Nafnakall er mikilvægt, þá munum við hver er og hver er ekki og hugsum til allra. Kannski er niðurdrepani að hlusta á langan lista af nöfnum, sem ekki hafa boðað sig. Gangu eftir því við allar konur hvort þær koma eða ekki og láta þær finna að við látum okkur varða.

Fundargerðir eru mikilvægar og hafa skemmtigildi.

Minna á að hver sem tekur til máls viti hve langan tíma hann hefur og gangu eftir því.

Umræður – hve mikinn tíma höfum við, passa að umræður verði ekki of langar og frjálsar umræður í lokinn dragist ekki of lengi.

Hafa alltaf tíma fyrir fréttir frá Landssambandinu.

Afhenda rós fyrir framlag þeirra, sem koma með eitthvert efni. Afhenda fallega með orðum um það fyrir hvað hún stendur og kynningarritið.

Minna á næsta fund um leið og slökkt er á ljósunum.

Skoða allar hliðar á deildinni og kryfja mál.

Félagatalið er á tveimur stöðum: bæði á síðu hveirrar deildar og einnig á síðu Landssambandsins.

Formaður er ábyrgur fyrir því að þetta sé rétt.

Hópaskipting um ákveðin verkefni svo sem það að undirbúa fundi er svolítið varasöm, hún má ekki ganga of langt og þarf að vera í góðu sambandi við formann og stjórn.

Heimsækja aðrar deildir og njóta saman skemmtilegrar fræðslu og samveru.

Hvetja félag til að mæta á þing. Ef til vill er hægt að miða við mætingu ákveðinnar prósentu deildarinnar á þing. Fara í umræðuna – setjum okkur markmið með mætinguna. Stéttarfélagin styrkja slíkar ferðir – athuga að segja konum frá því.

Samsetning deildanna. Eru of margar konur úr ákveðnum geirum? Blanda vel og passa að það það séu félagar úr mörgum geirum. Passa líka aldursblöndun. Passa vel uppá nýjan félag, helst ekki taka inn einn, heldur fleiri saman og passa vel uppá nýliðana. Leggja áherslu á vináttuna, hjálpsemi og trúmennsku. Láta konur finna að þær séu velkomnar og væntumþykjan sé augljós.

Við viljum þó ekki verða saumaklúbbur eða vinkonuhópur.

Vanda sig við að velja konur. Láta deildina samþykkja hvaða konum verður boðið og hverjum ekki. Umræður urðu um hvernig þetta ferli er og greinilegt að þetta þarf að vanda. Fundir þurfa að vera mannbætandi og eftirsóknarverðir þar sem gleði er haldið hátt á lofti.

Gera skrá yfir eigur deildarinnar.

Fundir í heimahúsum. ca 3 koma þá með veitingar. Hlýlegt en stemningin fer eftir stjórnun fundarins. Rætt um að stofna Facebook-hóp með formönnum og stjórn. Mikilvægt að formenn geti leitað eftir ráðum og hjálp.

Stjórnin er líka reiðubúin til að hjálpa til. Muna líka eftir að leita eftir mannauðinum í öðrum deildum.

Masters og rannsóknarverkefni á hverju strái til að fræðast um.

Einkunnarorð yfirstandandi tímabils er: Verum virkar –styrkjum starfið

Alþjóðlegar nefndir

Eygló kynnti nefndir þær, alþjóðlegar, sem við eigum fulltrúa í. Íslendingar eru duglegir að starfa í erlendum nefndum.

Fulltrúar í alþjóðastarfi árin 2016–2018:

- Communication and Publicity Committee: Kristín Helga Guðmundsdóttir, Eta
- Editorial Board: Kolbrún Pálsdóttir, Lambda
- Educational Excellence Committee: Steinunn Ármannsdóttir, Alfa
- Educators Award Committee: Anh-Dao Katrin Tran, Gamma
- European Forum: Kristín Jónsdóttir, Gamma
- Golden Gift Committee: Ingibjörg Jónasdóttir, Gamma
- Nominations Committee: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfa (frá 2014–2018)
- World Fellowship Committee: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfa

Styrkir á vegum samtakanna

Þeir eru þó nokkrir og Eygló hvatti til þess að formenn tileinkuðu sér þekkingu á þeim til að geta hvatt konur sínar til að sækja um þá og vera tímanlega í því.

Helstu styrkir hvað væri styrkhæft:

- Námsstyrkjasjóður - International Scholarship. Fyrir félagskonur sem hyggja á framhaldsnám. Doktorsnemar ganga að öllu jöfnu fyrir um þennan styrk.
- Gullni gjafasjóðurinn - Golden Gift Fund (leiðtogaþjálfun/2). Styrkir félagskonur til þátttöku í námskeiðum á vegum samtakanna.
- Educational Foundation (styrkir til þróunarverkefna).
- Lucile Cornetet er styrkur á vegum Delta Kappa Gamma Educational Foundation og er tvískiptur. Einn hluti hans styrkir landsambönd og svæði (regions) til að standa fyrir menntandi ráðstefnum, annar hluti sjóðsins styrkir konur sem vinna í fræðslustörfum (all employed educators) til að sækja menntandi viðburði sem haldnir eru utan samtakanna. Þriðji hluti sjóðsins styrkir einstaklinga eða hópa sem standa fyrir verkefnum í þágu barna eða menntunar.
- International Speakers Fund. Félagar geta sótt um að fá að halda fyrirlestra á vegum samtakanna. Sett er skilyrði að samtakanna sé getið og þau kynnt.

Nánar má lesa um styrkina á heimasíðu samtakanna, bæði hér á Íslandi og alþjóðasíðunni.

Heimasíðan

Eygló fór yfir efni heimasíðunnar og helstu siglingaleiðir þar. Tenging út á alþjóðasíðuna. Handbók formanna er þar / og félagatal. Athuga þetta með félagatalið er á tveimur stöðum. Passa að réttar upplýsingar fari á báða staðina.

Áríðandi að hver deild hafi sinn vefritara – láta Eygló vita og hún mun stýra því hvernig hann vinnur.

T.d. þarf hann að senda staðfestingu fyrir 1. nóvember til Ameríku um að vefurinn sé í lagi.

Vefur alþjóðasambandsins: Sign in. Username: Member ID sem er á skírteininu okkar (er hjá gjaldkerarnum ef týnt) password er: xxxxx (geymt inni á vefnum okkar undir alþjóðavefstenglinum).

Áríðandi að kynna þetta fyrir félögunum. Hægt er að breyta lykilorðinu eftir að inn er komið.

Ýmislegt fyrir formenn inni á síðu sambandsins, m.a. til að styrkja starfið. Hægt er að skrá sig í alls konar hópa þarna svona svipað og hægt er á Facebook.

Fundarlok

Umræður höfðu farið fram óformlega á milli hinna ýmsu þátta fundarins og þótti ekki ástæða til að hafa sérstakan lið með þeim.

Lokaorð forseta

Eygló óskaði formönnum góðs í störfum sínum, þakkaði góðan og gefandi fund. Veitingaframreiðsla Sigríðar Johnsen var þökkuð sérstaklega og síðast en ekki síst boð Guðrúnar Eddu Bentsdóttur um að hafa fundinn í svo glæsilegu húsnæði.

Myndataka af Framkvæmdaráði og stjórn
Forseti slökkti á kertum

Fundi lokið um kl. 15:15

Jónína Eiríksdóttir ritaði